

Til Menntamálanefndar Alþingis

Hvers vegna var hlutafélagiformið valið fram yfir sjálfseignarstofnun ?

Menntamálanefnd Alþingis hefur óskað eftir því við undirritaðan að færa frekari rök fyrir því hvers vegna hlutafélagiformið valið fram yfir sjálfseignarstofnun en gert var í greinargerð sem send var nefndinni 7. febrúar sl. í tengslum við sameiningu Háskólans í Reykjavík og Tækniháskóla Íslands. Vísast til þess sem þar segir en eftirfarandi bætt við:

Af áralöngum rekstri Sjálfseignarstofnunar Verslunarráðs Íslands um viðskiptamenntun (SVÍV ses.) hefur Verslunarráð Íslands fengið góða sýn á rekstur sjálfseignarstofnunar. Reynsla ráðsins af þessu félagsformi er ágæt miðað við þá skipan sem verið hefur á eignarhaldi og rekstri Verzlunarskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík til þessa. Sú megin breyting verður á eignarhaldi hins sameinaða skóla, Tækniháskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík, að eignarhaldið á sameinuðum skóla verður í höndum þriggja aðila í staðinn fyrir eins áður. Aðilar að hinum nýja skóla verða Verslunarráð Íslands, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins sem öll eru almenn félagasamtök sem ekki hafa fjárhagsleg markmið með starfsemi sinni, með sama hætti og verkalýðsfélög, stjórnmalafélög og íþróttafélög. Markmið ið með stofnun hins nýja skóla er að auka fjölbreytni í menntun og stuðla að menntun sem miðar að því að útskrifa hæfa einstaklinga sem nýtast vel íslensku atvinnulífi. Í samræmi við þetta var ákveðið í samþykktum félagsins, sem ætlað er að reka skólanna, að markmið hans væri ekki fjárhagslegur ávinningur eigenda heldur væri félaginu skylt að verja hagnaði sínum einungis til almenningsheilla í samræmi við 4. tl. 4. gr. laga um tekju- og eignaskatt nr. 90/2003.

Eins og áður er rakið koma nú þrír aðilar að rekstri hins nýja skóla í stað eins áður. Sú staðreynd er ein meginástæða þess að ákveðið var að velja rekstrinum form einkahlutafélags sem hefði að markmiði að verja hagnaði til almenningsheilla. Þegar þrír aðilar koma að stofnun félags eða sjálfseignarstofnunar um rekstur skóla er mikilvægt að þær leikreglur sem gilda um skipulag, samskipti aðila og ákvarðanatöku séu skýrar. Mikilvægt er að reglurnar stuðli að hagkvæmni í rekstri og góðri nýtingu fjármuna. Reglur um uppbyggingu, starfsemi og ákvörðunartöku í hlutafélögum og einkahlutafélögum eru ítarlegar í þeim lögum sem um þessi félagiform fjalla. Þá eru þessi félagiform langalgengasta félaga formið í atvinnurekstri þannig að veruleg reynsla er komin á beitingu þeirra. Það var mat þeirra þriggja aðila sem að rekstrinum standa, að með því að velja einkahlutafélag til rekstursins væru leikreglur sem giltu um réttindi og skyldur aðila skynsamlegar og skýrar. Þannig leikur ekki vafi á því hvað stjórnunareiningar innan skólans hafi vald til að taka ákvarðanir og hvernig beri að standa að þeim. Þá var það mat aðila að með þessu félagiformi væri stjórnendum skólans ljóst að gerð væri krafa um hagkvæmni í rekstri og skynsamlegri meðferð fjármuna, eins og í venjulegum atvinnufyrirtækjum.

Ef ákveðið hefði verið að velja form sjálfseignarstofnunar til rekstursins hefðu aðilarnir staði frammi fyrir því að þurfa að semja um og móta hvernig reglur um skipulaga og ákvarðanatöku yrði háttáð. Þótt það sé kostur við sjálfseignarstofnanir að menn hafi að

vissu marki frjálssari hendur um það hvernig stjórnun þeirra er skipað, miða við einkahlutafélög, töldu menn að reglur einkahlutafélagalaga hefðu reynst vel og því rétt að velja það form.

Eðlilegt er að menn velti fyrir sér hvort heppilegra hefði verið að skilja eignarhaldið á skólanum með skýrari hætti frá þátttakendum t.d. með því að setja reksturinn í sjálfseignarstofnun. Það skal hins vegar itrekað að þeir aðilar sem að skólanum standa, Verslunarráð Íslands, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins, eru félagasamtök sem hafa ekki fjárhagslega tilgang frekar en önnur almenn félög. Þessi staðreynd og sú skylda sem hvílir á félaginu að ráðstafa hagnaði til almenningsheilla tryggir að fjármunum skólans verður eingöngu ráðstafað í þágu menntamála.

Reykjavík 9. febrúar 2005

Virðingarfyllst

Sverrir Sverrisson
Formaður háskólaráðs

Skriflegt svar við spurningu 8 úr greinagerðinni frá 7. febrúar 2005:

8. Hvers vegna var hlutafélagiformið valið fram yfir sjálfseignarstofnun ?

Reynsla okkar og kynni af þessum tveimur formum hefur sannfært okkur um að hlutafélagiformið sé almennt heppilegra, þó alls ekki beri að gera lítið úr sjálfseignarstofnunum. Hlutafélagalöggjöf gerir ráð fyrir að hægt sé að stofna félag sem ekki er rekið í hagnaðarskyni, en svo er gert í annarri grein stofnsamþykktu hins nýja félags sem ætlað er að reka sameinaðan háskóla. Þar kemur fram að hlutverk félagsins er ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri, heldur rennur hugsanlegur hagnaður til frekari uppbyggingar starfseminnar.

Félagsformið tengist ekki hagnaðarmarkmiðum

Margir tengja saman félagsform annars vegar og hagnaðarmarkmið hins vegar. Það er ekkert sem segir til um það að sjálfseignarstofnun geti ekki eða eigi síður

að skila hagnaði en hlutafélag. Gert er ráð fyrir í lögum að hagnaður sjálfseignarstofnunar renni til starfseminnar sjálfrar eða þess málefnis sem hún starfar fyrir. Félagsformið hlutafélag þarf ekki heldur að skila eigendum sínum beinum fjárhagslegum ávinningi. Erlendis kallast þetta „non-profit-organizations“ og e.t.v. vantar okkur betri löggjöf á þessu sviði. Þess vegna hefur hlutafélagalöggjöfin verið aðlöguð að þessu. Nefna má aðra menntastofnun sem er hlutafélag og það er Menntafélagið ehf. sem rekur Stýrimannaskólann og Vélskólann. Þessi hlutafélög Menntafélagið ehf. og Hástoð ehf. sem mun reka hinn sameinaða háskóla hafa samkvæmt lögum (samþykktum) félaganna, ekki heimild til að greiða eigendum sínum arð eða veita þeim á nokkurn annan hátt beinan fjárhagslegan ávinning. Ef fjárhagslegur afgangur verður af rekstrinum skal hann renna til starfsemi viðkomandi menntastofnunar. Fjárhagslega séð þarf því enginn munur að vera á þessum tveimur rekstrarformum, hlutafélagi og sjálfseignarstofnun.

Kostir hlutafélagformsins

Háskólinn í Reykjavík (HR) hefur reynslu af sjálfseignarstofnunarforminu. Það hefur einmitt komið í ljós við þann rekstur að sjálfseignarstofnunarformið er ekki í öllum tilvikum hentugt, þótt tekist hafi að sneiða hjá göllunum. Það hefur tekist í tilviki HR vegna þess að Verslunarráð Íslands hefur eitt verið staðfastur bakhjarl háskólans og tekið á sig fulla ábyrgð og forystu. Framkvæmdastjórn Verslunarráðsins hefur sinnt hlutverki sínu vel og tryggt það að háskólaráð HR var vel skipað. Lög um sjálfseignarstofnanir gera aftur á móti ráð fyrir að enginn eigi sjálfseignarstofnanir og þær geta því orðið munaðarlausar og stjórnast einvörðungu af starfsmönnum. Hugarfarið á bak við sjálfseignarstofnun er nánast það að þegar einhver hefur stofnað hana og lagt fram peninga í stofnfé þá sé afskiptum viðkomandi ekki óskað frekar. Það er afar ábyrgðarlaust að reka háskóla með þeim hætti, sérstaklega þegar hlutverk háskólans er að styrkja samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og taka að sér veigamikil hlutverk á háskólastigi með samruna HR og Tækniháskóla Íslands (THÍ).

Þegar fleiri aðilar verða bakhjarlar sameinaðs háskóla HR og THÍ og leggja fram fjármuni er eðlilegt að nota hlutafélagiformið. Þannig er tryggt að allir hafi aðkomu að stjórn og eigi sinn hlut og skyldur í þessu félagi. Einnig er ljóst hvar ábyrgðin liggur. Að öðru leyti er engin breyting á starfsemi eða stjórnun skólans nema ábyrgð bakhjarlanna er skýrari og þar með sá stuðningur sem veittur er. Þegar nýr háskóli þarf að ráðast í fjárfestingar í nýju húsnæði, tækjabúnaði og rannsóknnum, þá er ómetanlegt að hafa „eigendur“ sem axla ábyrgð. Það skiptir t.d. lánveitendum miklu máli og getur haft áhrif á lánakjör.

Akademísku frelsi ekki ógnað með breyttu rekstrarformi

Eitt atriði hefur verið nefnt sem rök fyrir því að hlutafélagiformið henti ekki og það er að það geti eyðilaggt akademískt frelsi. Gunnar Karlsson, prófessor í sagnfræði

við Háskóla Íslands hefur í erindi fjallað um akademískt frelsi og segir þá m.a: „Ef við lítum á málin frá sjónarmiði hvers einstaks háskólakennara má segja að einkum tveir aðilar geti lagt hömlur á frelsi hans. Annars vegar eru það stjórnvöld, það ríkisvald sem setur okkur lög og reglugerðir, og – í tilfalli ríkisháskóla – veitir okkur rekstrarfé. Hins vegar er það háskólasamfélagið sjálft sem ákvarðar hvað beri að kenna og hvað beri að meta sem marktækar rannsóknir, fræðslu eða þjónustu.“

Í raun verður engin breyting á akademísku frelsi Háskólans í Reykjavík, sem rekin var sem sjálfseignarstofnun með Verslunarráð Íslands sem bakhjarl, við sameiningu HR og THÍ þar sem Samtök atvinnulífsins og Samtök Iðnaðarins bætast við sem bakhjarlar og hluthafar í félagi um rekstur háskólans.

Það sem skiptir máli er hvernig háskólaráðin starfa. Hlutverk háskólaráðs er að móta stefnu fyrir háskólann og veita síðan skólanum stuðning, aðhald og eftirlit, þannig að hann ræki hlutverk sitt af kostgæfni. Hvað varðar Háskólann í Reykjavík þá sér framkvæmdastjórn skólans, sem er skipuð rektor, deildarforsetum og framkvæmdastjóra um öll mál sem snúa að daglegri starfsemi. Það breytir engu hvort um hlutafélag eða sjálfseignarstofnun er að ræða. Þar ríkir akademískt frelsi til kennslu, þekkingarleitar, rannsókna og þar ríkir ekki utanaðkomandi þrýstingur. Það er aftur gríðarlega mikilvægt að hafa háskólaráð sem stuðningsaðila með reynslu og þekkingu úr hinum mismunandi greinum íslensks atvinnulífs. Hlutverk háskólaráðs er aftur á móti ekki að hlutast til um innri málefni, skoðanaskipti og ágreining um akademísk málefni.

Niðurstaðan var því sú að hlutafélagiformið sé heppilegra rekstrarform fyrir háskóla sem er með marga bakhjarla og þarf stuðning þeirra og þá sérstaklega meðan ekki er til sérstök löggjöf um almenn félög þar sem fjárhagslegur ágóði eigendanna er ekki höfuðmarkmið.

**Samþykktir
fyrir
Hástoð ehf.**

1. gr. Heiti og heimilisfang

Heiti félagsins er Hástoð ehf. Heimili félagsins er að Ofanleiti 2, Reykjavík.

2. gr. Hlutverk

Hlutverk félagsins er að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs, m.a með því að efla og auka menntun, rannsóknir og nýsköpun á háskólastigi, sem nýtist atvinnulífinu. Í þeim tilgangi rekur félagið háskóla, sem verður meginverkefni félagsins, og aðra þá starfsemi sem þjónað getur þessu hlutverki. Hlutverk félagsins er ekki að afla hluthöfum þess fjárhagslegs ávinnings af rekstri.

Félagið hyggst sinna hlutverki sínu varðandi menntun og rannsóknir meðal annars með gerð þjónustusamninga við stjórnvöld um fjárveitingar. Þá hyggst félagið sinna hlutverki sínu með því að taka að sér margvíslega þjónustu á sviði menntunar og rannsókna og þar m.a. samstarf við fyrirtæki, rannsóknarstofnanir og aðrar menntastofnanir á Íslandi og erlendis.

3. gr. Hlutfé

Hlutfé félagsins er kr. 15 milljónir. Hlutféð skiptist í hluti að fjárhæð ein króna að nafnvirði eða margfeldi þar af. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutfé.

4. gr. Hlutfjáraukning og -lækkun, hlutabréf, hlutaskrá og eigendaskipti

Stjórn félagsins hefur heimild til að hækka hlutfé um kr. 385 milljónir í einu lagi eða áföngum. Hluthafar hafa forkaupsrétt að því hlutfé í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Eigi síðar en þegar háskóli félagsins tekur til starfa skal hlutfé vera kr. 300 milljónir.

Að öðru leyti þarf samþykki hluthafafundar til að auka hlutfé enda samþykki 2/3 hluthafa þá tillögu. Stjórnin ákveður nafnverð hluta, útboðsgengi eða skiptigengi og aðrar sölureglur, frest til áskriftar og greiðslu ákveður stjórnin og skal í einu og öllu fara eftir ákvæðum samþykktá félagsins og V. kafla einkahlutafélagalaga nr. 138/1994.

Stjórn á forkaupsrétt að fölum hlutum fyrir hönd félagsins. Hluthafar eiga forkaupsrétt að fölum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína að félaginu sjálfu frágengnu.

Eigendaskipti að hlutum öðlast gildi við tilkynningu til stjórnar. Verði ágreiningur um verð hluta skulu dómkvaddir matsmenn kallaðir til. Frestur forkaupsréttarhafa til að nýta sér forkaupsrétt er einn mánuður frá tilkynningu stjórnar til þeirra um sölu hlutanna og skulu seldir hlutir staðgreiddir.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti án samþykkis stjórnar félagsins. Aðeins hluthafafundur getur ákveðið að lækka hlutafé og þá með samþykki 2/3 hluthafa. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá að lögum.

5. gr. Réttindi og ábyrgð hluthafa

Hluthafar bera ekki ábyrgð umfram hluti sína í félaginu. Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn nema landslög kveði á um slíkt. Félagið má kaupa eigin hlut að lögmæltu hámarki. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir hluti í eigu félagsins.

6. gr. Hluthafafundur

Æðsta vald er í höndum lögmætra hluthafafunda. Hluthafafundur er lögmætur ef hann er boðaður með bréfi eða á sannanlegan hátt með a.m.k. fjórtán daga fyrirvara, en lengst með fjögurra vikna fyrirvara. Hluthafafundur skal halda að ákvörðun stjórnar eða að ósk hluthafa sem ráða yfir a.m.k. tíunda hluta hlutafjár. Slík ósk skal berast stjórninni skriflega og fundarefni tilgreint og ber stjórninni þá að halda fund innan fjórtán daga.

7. gr. Ársreikningar og aðalfundur

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Aðalfundur skal halda fyrir lok júlímánaðar ár hvert. Skal hann boðaður öllum hluthöfum með bréfi eða með auglýsingu í fjölmiðlum, með minnst fjórtán daga fyrirvara og lengst fjögurra vikna fyrirvara og skal geta um sérstök fundarefni í fundarboði. Fundurinn skal jafnframt vera opinn öllum stjórnarmönnum Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins og Verslunarráði Íslands.

Tillögur stjórnar eða hluthafa, sem leggja skal fyrir aðalfund, þar á meðal tillaga um stjórn, skulu liggja fyrir eigi síðar en viku fyrir fundinn. Tillögur um breytingar á samþykktum skal þó kynna hluthöfum a.m.k. tveimur vikum fyrir fund. Að öðrum kosti verða þær ekki teknar til afgreiðslu.

Á dagskrá aðalfundar skulu m.a. vera eftirtaldir liðir:

- a) Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um hag félagsins, starfsemina undanfarið ár og framtíðaráform.
- b) Ársreikningar lagðir fram til samþykktar.
- c) Fjárhagsáætlun yfirstandandi árs lögð fram til kynningar.
- d) Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
- e) Tillaga um þóknun til stjórnarmanna og endurskoðanda.
- g) Kjör endurskoðanda.
- h) Önnur mál löglega upp borin eða mál sem stjórnin hefur undirbúið.

Annað hvert ár kýs aðalfundur stjórn félagsins.

8. gr. Stjórnarkjör

Stjórn félagsins er skipuð sjö mönnum, og þremur til vara, til tveggja ára í senn. Samkomulag er um að stofnendur félagsins Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Verslunarráð Íslands skipi stjórn þess. Fyrir fyrsta kjörtímabil stjórnar skipar Verslunarráð Íslands þrjá menn í stjórn, þar af einn sem formann, Samtök atvinnulífsins einn mann og Samtök iðnaðarins tvo menn en sameiginlega skipa þessir aðilar einn stjórnarmann. Frá og með aðalfundi félagsins árið 2006 skipar Verslunarráð Íslands fjóra menn, þar af einn sem formann stjórnar, Samtök atvinnulífsins einn og Samtök iðnaðarins tvo menn.

9. gr. Helstu verkefni og stjórnarhættir stjórnar

Meginverkefni félagsins er að reka háskóla. Stjórn félagsins, sem er jafnframt háskólaráð háskólans, annast umsýslu eigna. Stjórnin markar stefnu félagsins og háskólans, ákveður námsframboð, inntökuskilyrði, gæði kennslu og aðra meginstarfstillögun háskólans. Jafnframt ákveður stjórn skólagjöld og greiðslutilhögun þeirra. Stjórnin skal setja sér starfsreglur í samræmi við *Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja*, sem VÍ, SA og Kauphöll Íslands hafa gefið út. Þar skal m.a. fjalla um verkefni stjórnar og framkvæmdastjóra (rektors), og gæðakröfur til framkvæmdastjóra (rektors), kennara og annarra stjórnenda skólans. Stjórnin er í forsvari fyrir félagið og háskólann. Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins. Stjórnin ein getur skuldbundið háskólann fjárhagslega.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundi með dagskrá og minnst þriggja daga fyrirvara nema brýn nauðsyn sé að halda fund með skemmri fyrirvara. Fundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna situr hann. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á stjórnarfundum en þó þurfa minnst fjórir stjórnarmenn að greiða tillögu atkvæði sitt til þess að hún teljist samþykkt. Það sem gerist á fundum stjórnar skal bókað í gerðabók.

Félagið ábyrgist skuldbindingar félagsins með eignum sínum. Stjórnin skal hafa stöðugt eftirlit með rekstri háskólans, bókhaldi og meðferð á fjármunum hans. Stjórnin afgreiðir rekstrar- og fjárfestingaráætlun fyrir háskólann og ársreikning hans. Stjórninni er heimilt að skipa sérstakar nefndir til tímabundinna verkefna, s.s. fjáröflunar, endurnýjunar tækjabúnaðar, þróunarverkefna eða annars sem er talið rétt að sérstakur starfshópur sinni. Daglegur rekstur, þar með talið starfsmannahald, fjármálaumsýsla, áætlunargerð og bókhald félagsins, er í höndum framkvæmdastjóra.

10. gr. Framkvæmdastjóri/rektor

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra félagsins, sem jafnframt er rektor háskólans, ákveður laun hans og önnur starfskjör og leysir hann frá störfum. Rektor háskólans kemur fram fyrir hönd félagsins og háskólans, annast daglegan rekstur hans, fer með prókúruumboð og getur skuldbundið félagið í málum sem eru á verksviði hans. Rektor ber ábyrgð á rekstrinum gagnvart stjórn. Rektor situr fundi stjórnar með málfrelsi og tillögurétti nema stjórnin ákveði annað um einstaka fundi. Hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða meiriháttar. Slíkar ráðstafanir getur rektor aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá stjórn, nema ekki sé unnt að biða ákvarðana stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi háskólans. Í slíkum tilvikum skal stjórninni tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina.

Rektor ræður prófessora, dósenta, lektora, að undangengnu mati dómnefndar, og aðra starfsmenn skólans og vikur þeim frá. Þó skal rektor hafa samráð við stjórn um ráðningu

og starfsskyldur prófessora, deildarforseta og aðra framkvæmdastjóra skólans. Hann semur skýrslu um starfsemi skólans í lok hvers skólaárs.

11. gr. Ráðstöfun hagnaðar/taps

Hagnaði félagsins skal aðeins ráðstafað til að efla starfsemina í samræmi við hlutverk félagsins. Félaginu er óheimilt að verja hagnaði, réttindum eða eignum til annarra verkefna en þeirra sem samræmast hlutverki og starfsemi félagsins. Ekki verður greiddur arður út úr félaginu.

12. gr. Breytingar á samþykktum - félagsslit

Breytingar á þessum samþykktum verður að samþykkja með atkvæðum 2/3 hluthafa og hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á lögætum aðalfundi eða hluthafafundi. Afgreiða skal tillögu um að slíta félaginu eins og tillögu um lagabreytingu og gilda þá ákvæði einkahlutafélagalaga um félagsslit. Hið sama á við um hvers konar samruna eða sameiningu félagsins við önnur félög og um sölu á öllum eignum þess.

Við slit á félaginu skal hluthafafundur jafnframt ákvarða um ráðstöfun eigna, greiðslu skulda og skuldbindinga félagsins, þar á meðal um réttindi þeirra námsmanna sem ekki hafa lokið námi. Við félagsslit skal einungis framreiknað hlutafé renna til eigenda félagsins, en eignir umfram skuldir að öðru leyti skulu renna til almannaheilla í samræmi við hlutverk félagsins skv. ákvörðun hluthafafundar.

Þannig skráð hjá Fyrirtækjaskrá 11. janúar 2005.